



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 28. ágúst 2019
SFS2019080073
168. fundur
HG/sv/gs

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins til borgarráðs

Svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins var send skóla- og frístundaráði til meðferðar en fyrirspurnin var lögð fram í borgarráði þann 15. ágúst 2019:

Fyrirspurn vegna fjölda skeyta sem borgarfulltrúa Flokks fólksins eins og aðrir borgarfulltrúar hafa fengið send og varðar meint brot skólastjóra Kelduskóla að vísa ekki máli til skólaráðs eins og löggin gera ráð fyrir og andstöðu við fyrirhugaðar breytingar á skólalaldi í Staðarhverfi. Flest skeytin hafa eftirfarandi innihald: „Ég, x og er íbúi í Staðarhverfi í Grafarvogi óska eftir því að borgarstjórn taki til umfjöllunar mögulegt brot skólastjóra Kelduskóla á 8 gr. laga númer 91/2008 þegar hún vísaði ekki máli til skólaráðs eins og löggin gera ráð fyrir. Ykkur hafa þegar verið sendar allar upplýsingar og gögn varðandi þetta mál“. Margir hafa einnig bent á í þessum skeytum að deiliskipulag hverfisins beri að virða. Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur ekki séð nein viðbrögð við öllum þessum skeytum frá meirihluta borgarinnar í Skóla- og frístundarráði og spyr hverju það sæti?

Svar:

Formaður skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hafa svarað þeim erindum sem foreldrar hafa sent í tengslum við tillögur um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi. Formaður svaraði þeim erindum sem bárust til hans og sviðsstjóri öðrum erindum.